

 LANDSBRÉF

Mars 2026

Fjármögnuð losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Áætluð kolefnislosun fyrir árið 2024 eftir aðferðafræði PCAF

Eftirfarandi samantekt sýnir upplýsingar um fjármagnaða losun sjóða í rekstri hjá Landsbréfum sem eru markaðssettir til almennra fjárfesta, þ.e. verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Útreikningarnir byggja á aðferðafræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials) og nær greiningin yfir efnahagsreikninga sjóðanna fyrir árið 2024. Útreikningarnir miðast við stöðu eigna sjóða þann 31. desember 2024.



Eignasöfnum sjóðanna er skipt í tvo flokka:

Hluta- og skuldabréf
Ríkisskuldabréf

PCAF leiðbeinir ekki enn um útreikning á losun frá eftirfarandi eignaflokkum sem sjóðirnir hafa fjárfest í:

- Græn skuldabréf
- Skuldabréf útgefin af sveitarfélögum
- Sértryggð skuldabréf
- Kauphallarsjóðir
- Afleiðusamningar
- Hlutdeildarskírteini
- Innlán
- Framtakssjóðir, veðskuldabréfasjóðir og aðrir sérhæfðir sjóðir sem fjárfesta í óskráðum eignum

Ásamt skorti á gögnum fyrir aðra flokka með skilgreindri aðferðafræði verður þetta til þess að hluti af fjárfestingum sjóða er sagður vera utan umfangs í samantektinni. Greining á fjármagnaðri losun byggist á því hversu gott að-

gengi er að upplýsingum til þess að framkvæma útreikninga. Leitast er við að nota sem næst raungögnum. Eftir því sem PCAF gefur út frekari leiðbeiningar um útreikning á losun eignaflokka mun hærra hlutfall eigna hvers sjóðs verða innan umfangs.

Ein helsta áskorunin við greiningu á kolefnislosun eignasafna er öflun gagna og aðgengi að þeim. PCAF hefur gefið út einkunnaskala til að meta gæði gagna. Ræðst einkunnin af því hversu ítarleg og nálægt rauntölum gögnin eru. Skalinn nær frá 1 til 5, þar sem 1 táknar bestu mögulegu nákvæmni en 5 mestu óvissu. Gagnagæði eru skilgreind eftir aðferðafræði, uppruna og eðli gagnanna.

Leitast er við að nota losunartölur sem fyrirtæki hafa gefið út fyrir sína starfsemi og notast var við Veru sjálfbærnilausn,¹ upplýsingar frá Reitun, gagnaveituna Bloomberg og ársreikninga fyrirtækja til að fá þær upplýsingar. Til að hljóta einkunnina 1 fyrir gagnagæði þarf bókhaldið að vera með fulla endurskoðun frá þriðja aðila en annars fékk bókhaldið einkunnina 2. Fyrir fyrirtæki sem ekki birta loftslagsbókhald er áætluð kolefnislosun byggð á skráðri atvinnustarfsemi viðkomandi fyrirtækis þar sem hún liggur fyrir. Losunartölur byggðar á viðkomandi atvinnugreinum gáfu einkunnina 4 (byggt á tekjum) eða 5 (byggt á eignum).

¹ Vera er sjálfbærnivíðmót frá Creditinfo sem aðstoðar fyrirtæki að miðla upplýsingum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti í rekstri til hagaðila á samræmdan máta

Hluta- og skuldabréf

Aðferðafræðin til að reikna fjármagnaða losun eignasafns byggist á því að finna svokallaðan eignastuðul (e. attribution factor). Hann er hlutfallið á milli útstandandi fjárhæðar og annað hvort verðmætis skráðs fyrirtækis ásamt handbæru fé (EVIC)² eða samtölu eiginfjár og skulda óskráðs fyrirtækis.


Eignastuðullinn er svo margfaldaður með kolefnislosun viðkomandi útgefanda og þannig fengin út fjármögnuð losun eignar í eignasafni.

Til að reikna losun skráðra fyrirtækja með birta kolefnislosun var eftirfarandi jafna notuð:

$$Fjármögnuð losun = \sum_f \frac{Útstandandi upphæð_f}{EVIC_f} \times Kolefnislosun_f$$

f = fyrirtæki sem fjárfest er í

² Enterprise Value Including Cash (EVIC) stendur fyrir verðmæti fyrirtækis að meðtöldu handbæru fé en handbært fé er ekki dregið frá til að heildarverðmæti geti ekki orðið neikvætt.



Til að reikna losun óskráðra fyrirtækja með birta kolefnislosun var eftirfarandi jafna notuð:

$$\text{Fjármögnuð losun} = \sum_f \frac{\text{Útistandandi upphæð}_f}{\text{Eigið fé} + \text{skuldir}_f} \times \text{Kolefnislosun}_f$$

f = fyrirtæki sem fjárfest er í

Til að reikna útistandandi upphæð óskráðra hlutabréfa var eftirfarandi jafna notuð:

$$\text{Útistandandi upphæð}_f = \frac{\text{Fjöldi bréfa í eigu}_f}{\text{Heildarfjöldi bréfa}_f} \times \text{Eigið fé}_f$$

f = fyrirtæki

Við útreikning á losun óskráðra fyrirtækja sem hafa ekki birt kolefnislosun sína er hún metin út frá tölum um losun og veltu atvinnugreinar og eftirfarandi jafna notuð:

$$\text{Fjármögnuð losun} = \sum_{f,n} \frac{\text{Útistandandi upphæð}_f}{\text{Eigið fé} + \text{skuldir}_f} \times \text{Tekjur}_f \times \frac{\text{Kolefnislosun}_n}{\text{Tekjur}_n}$$

f = fyrirtæki sem fjárfest er í, n= viðeigandi NACE²-flokkur

Ríkisskuldabréf

Við útreikning á fjármagnaðri losun vegna ríkisskuldabréfa er fylgt sambærilegri aðferðafræði og fyrir hluta- og skuldabréf. Í stað þess að nota heildarverðmæti fyrirtækis sem eignastuðul er horft til efnahags viðkomandi lands. Efnahagur landa er misjafn og getur ráðist bæði af stærð og efnahagslegri stöðu. Efnahagur Íslands er til að mynda lítil í alþjóðlegum samanburði og til þess að geta gert samanburð á milli landa í útreikningum um fjármagnaða losun er notast við kaupmáttarjafnvægi sem er aðlagð fyrir verga landsframleiðslu viðkomandi lands.³ Notast var við gögn úr gagnabanka [Alþjóða-bankans](#) í útreikningunum.

Kolefnisbókhald landa er með misjöfnum hætti sem gerir samanburð á milli landa erfiðan. Sjóðirnir fjárfestu eingöngu í ríkisskuldabréfum útgefnum af íslenska ríkinu og voru gögn um kolefnislosun Íslands fengin af vef Umhverfisstofnunar. Þær tölur eru til grundvallar í skilum á losunartölum Íslands skv. rammisáttáttátt Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC⁴). Útreikningar vegna ársins 2024 taka mið af [bráðabirgðatölum](#) (gagnaeynkunn 2).

Til að reikna losun ríkisskuldabréfa var eftirfarandi jafna notuð:

$$Fjármögnuð losun = \sum_I \frac{\text{Útistandandi upphæð}_I}{\text{PPP aðlagð GDP}_I} \times \text{Kolefnislosun}_I$$

I = viðkomandi land

³ Kaupmáttarjafnvægi aðlagð fyrir verga landsframleiðslu (e. PPP-adjusted GDP) er verg landsframleiðsla á hvern íbúa byggt á kaupmáttarjafnvægi. Stærðin er verg landsframleiðsla umreiknuð yfir í alþjóðlega dalí með því að notast við kaupmáttarhlutföll. Alþjóðlegur dalur hefur sama kaupmátt yfir landsframleiðslu og bandaríkjadalur hefur í Bandaríkjunum.

⁴ United Nations Framework Convention on Climate Change


Niðurstöður

Út frá reiknuðum gildum má sjá að í heildina hefur fjármögnuð losun Landsbréfa aukist á milli ára en losunarkræfnin er sú sama. Losunarkræfnin er gjarnan notuð í samanburði á losun sjóða en hún sýnir kolefnislosun sjóðs fyrir hverja milljón króna sem fjárfest er (tCO₂i/m.kr.). Sem stendur er mæld losunarkræfni hæst í skuldabréfasjóðum sem fjárfesta einkum eða töluvert í íslenskum ríkisskuldabréfum. Fjármögnuð losun hlutabréfasjóða lækkaði á milli ára en losun skuldabréfasjóða og blandaðra sjóða hefur hækkað sem skýrist einkum af því að hlutfall ríkisskuldabréfa og innlána var hærra í eignasöfnum sjóðanna í lok árs 2024.


Hlutfall af eignum sjóða sem voru innan umfangs og gert er grein fyrir hér var 49,7% í heildina sem er örtilit lækkun frá 2023 sem skýrist einkum af því að sjóðir fjárfestu meira í ríkisskuldabréfum og innlánum á milli ára. Stefnt er að því að það hlutfall fari hækkanandi eftir því sem gögn uppfærast og verða aðgengilegri ásamt því að PCAF-aðferðafræðin leiðbeinir um fleiri eignaflokka sem sjóðir í rekstri Landsbréfa fjárfesta í.

Vegna takmarkana aðferðafræðinnar og skorts á gögnum var ekki mögulegt að reikna fjármagnaða losun fyrir eftirfarandi sjóði en þeir eru svokallaðir sjóðasjóðir sem fjárfesta í öðrum erlendum sjóðum og fylgisjóðir sem fjárfesta nær eingöngu í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóða sinna.

- Landsbréf – Einkabréf E hs.
- Landsbréf – Global Equity Fund hs.
- Landsbréf – Global Portfolio hs.
- Landsbréf – Eignadreifing erlend hs.
- Landsbréf – Eignadreifing varfærin hs.




Losunarkræfni - Skuldabréfasjóðir




Hærra hlutfall ríkisskuldabréfa í eignasöfnum Markaðsbréfa, Markaðsbréfa sértryggðra, Fyrirtækjaskuldabréfa og Veltubréfa plus skýrir hækkun losunarkræfni á milli ára.

Losunarkræfni - Hlutabréfasjóðir




Breyting á eignasafni LEQ skýrir lækkun á losunarkræfni á milli ára, eignarhlutir í Brim hf., Eimskipafélagi Íslands hf. og Hampiðjuni hf. voru seldir út úr eignasafni sjóðsins í lok árs 2024 til samræmis við breytingar á kauphallarvísitölunni OMXI15CAP. Lækkun á losunarkræfni Úrvalsbréfa og Öndvegisbréfa á milli ára má rekja til þess að eignarhlutur sjóðanna í Icelandair Group hf. lækkaði á milli ára.

Losunarkræfni - Blandaðir sjóðir



Hærra hlutfall ríkisskuldabréfa í eignasöfnum blandaðra sjóða skýrir aukna losunarkræfni á milli ára.



| 2023 | Heildareignir | Innan umfangs | Fjármögnuð losun | | Losunarkræfni | | Gagnagæði |
|--|----------------|---------------|---|---|---|---|----------------|
| | | | Án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar | Með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt | Án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar | Með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt | |
| Skuldabréfasjóðir | m.kr. | Hlutfall | ktCO2í | ktCO2í | tCO2í/m.kr | tCO2í/m.kr | Vegið meðaltal |
| Landsbréf - Veltubríf hs. | 33.759 | 45,3% | 17,45 | 47,65 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Veltubríf plús hs. | 5.596 | 48,9% | 1,27 | 3,41 | 0,46 | 1,25 | 1,61 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt hs. | 2.195 | 98,9% | 2,48 | 6,77 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs. | 13.298 | 99,4% | 15,09 | 41,22 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf plús hs. | 11.668 | 99,9% | 13,30 | 36,32 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð hs. | 6.416 | 99,7% | 7,30 | 19,94 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð hs. | 2.056 | 99,9% | 2,35 | 6,40 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Markaðsbréf hs. | 971 | 63,9% | 0,28 | 0,75 | 0,45 | 1,21 | 1,76 |
| Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð hs. | 882 | 30,9% | 0,31 | 0,85 | 1,14 | 3,12 | 2,00 |
| Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf hs. | 7.906 | 40,4% | 0,03 | 0,03 | 0,01 | 0,01 | 1,31 |
| Samtals | 84.746 | 68,0% | 59,86 | 163,35 | 1,04 | 2,84 | 1,94 |
| Hlutabréfasjóðir | | | | | | | |
| Landsbréf - Úrvalsbréf hs. | 14.796 | 86,1% | 6,92 | 6,92 | 0,54 | 0,54 | 1,79 |
| Landsbréf - Öndvegisbréf hs. | 7.868 | 77,2% | 3,37 | 3,37 | 0,56 | 0,56 | 1,90 |
| Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs. | 4.067 | 80,9% | 1,32 | 1,32 | 0,40 | 0,40 | 1,64 |
| Landsbréf - Nordic 40 hs. | 894 | 99,6% | 0,09 | 0,09 | 0,10 | 0,10 | 2,00 |
| Samtals | 27.625 | 83,2% | 11,70 | 11,70 | 0,51 | 0,51 | 1,81 |
| Blandaðir sjóðir | | | | | | | |
| Landsbréf - Eignadreifing sjálfbær hs. | 650 | 36,2% | 0,00 | 0,00 | 0,01 | 0,01 | 1,48 |
| Landsbréf - Eignadreifing virði hs. | 1.843 | 20,5% | 0,04 | 0,10 | 0,11 | 0,27 | 1,49 |
| Landsbréf - Eignadreifing vöxtur hs. | 1.371 | 24,2% | 0,03 | 0,07 | 0,08 | 0,21 | 1,50 |
| Landsbréf - Eignadreifing langtíma hs. | 2.055 | 24,6% | 0,02 | 0,04 | 0,04 | 0,08 | 1,52 |
| Landsbréf - Einkabréf A hs. | 5.011 | 15,9% | 0,48 | 1,31 | 0,60 | 1,65 | 1,55 |
| Landsbréf - Einkabréf B hs. | 21.225 | 28,7% | 4,78 | 13,05 | 0,78 | 2,14 | 1,78 |
| Landsbréf - Einkabréf C hs. | 21.363 | 19,3% | 2,19 | 5,95 | 0,53 | 1,44 | 1,67 |
| Landsbréf - Einkabréf D hs. | 13.370 | 13,0% | 0,27 | 0,70 | 0,15 | 0,40 | 1,61 |
| Samtals | 66.888 | 21,3% | 7,81 | 21,22 | 0,55 | 1,49 | 1,69 |
| Samtals | 179.259 | 52,9% | 79,37 | 196,27 | 0,84 | 2,07 | 1,87 |

| 2024 | Heildareignir | Innan umfangs | Fjármögnuð losun | | Losunarkræfni | | Gagnagæði |
|--|----------------|---------------|---|---|---|---|----------------|
| | | | Án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar | Með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt | Án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar | Með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt | |
| Skuldabréfasjóðir | m.kr. | Hlutfall | ktCO2í | ktCO2í | tCO2í/m.kr | tCO2í/m.kr | Vegið meðaltal |
| Landsbréf - Veltubríf hs. | 49.925 | 47,4% | 25,28 | 62,36 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Veltubréf plús hs. | 8.125 | 54,1% | 4,31 | 10,62 | 0,98 | 2,42 | 1,95 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt hs. | 3.274 | 98,2% | 3,43 | 8,47 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs. | 13.218 | 99,9% | 14,09 | 34,77 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf plús hs. | 11.466 | 99,8% | 12,22 | 30,14 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð hs. | 5.885 | 99,7% | 6,26 | 15,45 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð hs. | 2.209 | 99,8% | 2,35 | 5,81 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Markaðsbréf hs. | 970 | 37,8% | 0,25 | 0,60 | 0,67 | 1,65 | 1,72 |
| Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð hs. | 1.063 | 28,0% | 0,32 | 0,78 | 1,07 | 2,63 | 2,00 |
| Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf hs. | 9.014 | 21,5% | 0,54 | 1,32 | 0,28 | 0,68 | 1,41 |
| Samtals | 105.148 | 63,3% | 69,06 | 170,32 | 1,04 | 2,56 | 1,98 |
| Hlutabréfasjóðir | | | | | | | |
| Landsbréf - Úrvalsbréf hs. | 14.496 | 83,0% | 5,21 | 5,21 | 0,43 | 0,43 | 1,74 |
| Landsbréf - Öndvegisbréf hs. | 8.044 | 72,2% | 2,53 | 2,53 | 0,44 | 0,44 | 1,99 |
| Landsbréf - Hekla hs. | 6.929 | 73,4% | 1,89 | 1,89 | 0,37 | 0,37 | 1,60 |
| Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs. | 4.994 | 84,2% | 0,86 | 0,86 | 0,20 | 0,20 | 1,49 |
| Landsbréf - Nordic 40 hs. | 888 | 97,4% | 0,07 | 0,07 | 0,09 | 0,09 | 1,15 |
| Samtals | 35.351 | 79,2% | 10,56 | 10,56 | 0,38 | 0,38 | 1,71 |
| Blandaðir sjóðir | | | | | | | |
| Landsbréf - Eignadreifing sjálfbær hs. | 723 | 32,6% | 0,00 | 0,00 | 0,01 | 0,01 | 1,54 |
| Landsbréf - Eignadreifing virði hs. | 1.992 | 12,3% | 0,07 | 0,16 | 0,27 | 0,65 | 1,79 |
| Landsbréf - Eignadreifing vöxtur hs. | 1.401 | 12,1% | 0,02 | 0,06 | 0,15 | 0,34 | 1,86 |
| Landsbréf - Eignadreifing langtíma hs. | 2.272 | 13,2% | 0,00 | 0,00 | 0,01 | 0,01 | 1,83 |
| Landsbréf - Einkabréf A hs. | 5.162 | 13,1% | 0,67 | 1,65 | 0,99 | 2,45 | 1,93 |
| Landsbréf - Einkabréf B hs. | 24.039 | 21,6% | 4,52 | 11,15 | 0,87 | 2,14 | 1,92 |
| Landsbréf - Einkabréf C hs. | 23.051 | 14,3% | 2,08 | 5,07 | 0,63 | 1,54 | 1,88 |
| Landsbréf - Einkabréf D hs. | 14.658 | 10,9% | 0,59 | 1,43 | 0,37 | 0,89 | 1,86 |
| Samtals | 73.299 | 16,0% | 7,95 | 19,52 | 0,68 | 1,67 | 1,89 |
| Samtals | 213.798 | | 87,58 | 203,64 | 0,84 | 1,92 | 1,90 |

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda á Nasdaq UFS töflu fyrir árið 2025 og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta Landsbréfa hf. fyrir árið 2024

Til stjórnar Landsbréfa hf.

Niðurstaða

Við vorum ráðin af Landsbréfum hf. (félagið) til að veita óháða takmarkaða staðfestingu (e. limited assurance) á Nasdaq UFS töflu félagsins fyrir árið 2025 og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta félagsins fyrir árið 2024 (hér eftir upplýsingarnar). Upplýsingarnar eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 og aðferðarfræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials).

Byggt á aðgerðum okkar og þeim gögnum sem við höfum aflað, kom ekkert fram sem bendir til annars en að framsetning upplýsinga í UFS töflu félagsins fyrir árið 2025 og fjármögnuð losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta fyrir árið 2024 sé í öllum meginatriðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 og aðferðarfræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials).

Grundvöllur niðurstöðu

Staðfesting okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, ISAE 3000 (Revised) Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB). Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst frekar í kaflanum „Ábyrgð okka“.

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur ásamt alþjóðlegum stöðlum um óhæði eða International Independence Standards, sem gefnir eru út af International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA).

KPMG fylgir alþjóðlegum gæðastæðli, International Standard on Quality Management (ISQM) 1, Quality Management for Firms that Perform Audits or Reviews of Financial Statements, or Other Assurance or Related Services Engagements, sem gefinn var út af IAASB og hefur því innleitt gæðastjórnunarkerfi, þar á meðal um að hafa skráðar stefnur og verklag um fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Við teljum að við höfum aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöðu okkar á.

Samanburðarupplýsingar

Við vekjum athygli á að við höfum ekki staðfest upplýsingar, fjárhæðir og hlutföll fyrir árið 2024 í UFS töflu félagsins. Þar af leiðandi getum við ekki álit á þeim. Þá höfum við ekki staðfest upplýsingar, fjárhæðir og hlutföll fyrir árið 2023 í samantekt um fjármagnaða losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Ábyrgð á upplýsingunum

UFS tafa og fjármögnuð losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta er lögð fram af stjórn og framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. Stjórn og framkvæmdastjóri þessa ábyrgð á þeirri ákvæðun að setja upplýsingarnar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og aðferðarfræði PCAF. Þau þessa ábyrgð á að hanna, innleiða og viðhalda innra efrilíti vegna upplýsinga sem viðeigandi eru til að útbúa upplýsingarnar. Einnig þessa ábyrgð á söfnun, greiningu og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram og að þær séu án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Þá eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að starfsfólk sem kom að vinnslu og framsetningu upplýsinganna hafi hlötið viðeigandi þjálfun og að upplýsingakerfi séu viðeigandi.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar er að veita óháða takmarkaða staðfestingu á upplýsingagjöf félagsins í UFS töflu og samantekt

um fjármagnaða losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Okkur ber að skipuleggja og hega vinnu okkar svo unni sé að veita takmarkaða staðfestingu um hvort upplýsingarnar séu í öllum meginatriðum án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Okkur ber að setja fram sjálfstæða niðurstöðu byggða á þeim gögnum sem við höfum aflað og þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og miðla niðurstöðum okkar til stjórnar Landsbréfa hf.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru til að byggja undir niðurstöðu okkar

Við staðfestinguna beittum við faglegri dómgeind og viðhöfðum faglega gagnrýni. Við skipulögðum og framkvæmdum aðgerðir til að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna um upplýsingarnar til að byggja niðurstöðu okkar á. Val á aðgerðum byggði á þekkingu okkar á upplýsingunum og öðrum aðstæðum, ásamt mati okkar á hættu á verulegri skekkju. Aðgerðir okkar voru eftirfarandi:

- Að afla upplýsinga, einkum frá því starfsfólki sem var ábyrgt fyrir upplýsingagjöf í UFS töflu félagsins og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á.
- Fyrirspurnir til stjórnenda og annars viðeigandi starfsfólks til að öðlast skiling á ferli Landsbréfa hf. við gerð og yfirferð upplýsingagjafar í UFS töflu og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á.

Aðgerðum sem beitt er við takmarkaða staðfestingu eru mismunandi að eðli og umfangi, og eru umfangsminni en þegar veitt er staðfesting með nægjanlegri vissu. Því er vískað sem fæst með takmarkaðri staðfestingu umtalsvert minni en náðst hefði ef staðfesting með nægjanlegri vissu hefði verið unnin.

Reykjavík, 23. mars 2026

KPMG ehf.

Árni Claessen

endurskoðandi